

Reykjavík 2. maí 2016

**Efni: Leiðbeiningar um skil á framlagi til Starfsþróunarseturs háskólamanna**

Samkvæmt nýgerðum kjarasamningum aðildarféлага BHM við Samband íslenskra sveitarfélaga ber launagreiðendum að skila 0,7% framlagi af heildarlaunum starfsmanna til Starfsþróunarseturs háskólamanna (STH) frá 1. september 2015.

***Því er beint til launagreiðenda þegar kemur að leiðréttingum vegna afturvirkni samningsins að ígildi 0,6% heildarlauna sé skilað til STH frá 1. september 2015 til 31. mars 2016. Enda ætti launagreiðandi að hafa staðið skil á 0,1% framlagi til starfsmenntunar nú þegar sem verður hluti iðgjalds til STH.***

***Frá 1. apríl skal greiða 0,7% iðgjald til STH, merkt færslutegundinni M, en hætta greiðslum 0,1% vegna færslutegundar A.***

Við skil úr launakerfum þarf að merkja skilagreinar til Starfsþróunarseturs háskólamanna með færslutegundinni M merkt Starfsþróunarsetri eða Starfsþróunarsjóði. Ef um of- eða vangreiðslur er að ræða á 0,1% framlagi til starfsmenntunar þá er hægt að fá frekari upplýsingar hjá Birgittu Róbertsdóttur hjá Bókunar- og innheimtumiðstöð BHM, [skbib@bhm.is](mailto:skbib@bhm.is)